



Stjórnarfundur Fjórðungssambands Vestfirðinga, 19. október 2011, kl 13.00 haldinn á skrifstofu sambandsins að Árnagötu 2-4, Ísafirði og með aðstoð síma frá Bíldudal og Hólmavík.

Mætt voru til fundar Albertína F. Elíasdóttir, formaður, Friðbjörg Matthíasdóttir (í síma), Jón Jónsson (í síma), Ómar Már Jónsson og Sigurður Pétursson. Einnig sat Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Dagskrá var send út þann 18. október s.l. Formaður setti fundinn og gengið til dagskrár.

1. Fundagerðir
 - a. Fundargerð stjórnarfundar 1. september lögð fram með þeim breytingum sem komu fram á síðasta fundi. Fundargerð samþykkt.
 - b. Fundargerð stjórnarfundar 8. september lögð fram. Fundargerð samþykkt.
 - c. Fundargerð stjórnarfundar 27. september lögð fram. Fundargerð samþykkt.
2. Þinggerð 56. Fjórðungspings Vestfirðinga.
Lögð fram til kynningar.
3. Heimasíða
Lagt fram tilboð frá Snerpu ehf um endurnýjun heimasíðu. Samþykkt að ganga til samninga á grundvelli tilboðs. Frestað umræðu um kaup eða leigu á léninu www.vestfirdir.is.
4. Mál fastanefndar FV um samgöngumál.
 - a. Fundargerð 12. október 2011. Lögð fram til kynningar
 - b. Fundur samgöngunefndar með þingmönnum Norðvesturkjördæmis. Lagt fram minnisblað fundar samgöngunefndar með þingmönnum Norðvesturkjördæmis.
Sigurður Pétursson kynnti efni framangreindra dagskrárliða. Fundargerð fjallaði um undirbúning þingmannafundar. Á þingmannafundi voru kynnt tvö mál, annars vegar kynntar áherslur sem samþykktar voru á 56. Fjórðungspingi Vestfirðinga og óskað stuðnings við að framfylgja þeim. Hinsvegar var fylgt eftir áskorun stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga frá 27. september til innanríkisráðherra varðandi vegagerð í Gufudalssveit. Þingmenn lýstu stuðningi við að fylgja eftir framangreindum málum.
 - c. Önnur mál.
Samkvæmt ákvörðun stjórnar hefur samgöngunefnd fjallað um almenningssamgöngur samanber samþykkt stjórnarfundar. Þann 12. október s.l. var haldinn fundur með fulltrúum verkfræðistofunnar VSÓ varðandi verkefnið, en sú vinna er studd af Vegagerðinni. Kynntar voru hugmyndir að framkvæmd almenningssamgangna á Vestfirðum og tengingu við önnur landsvæði. Framkvæmdastjóra falið að vinna að málinu áfram með samgöngunefnd.
5. Rannsóknarstyrkur, niðurstöður matsnefndar styrkumsókna
Lagt fram minnisblað matsnefndar dagsett 19. október 2011, þar sem gerð er grein fyrir forsendum matsnefndar við mati á áherslum auglýsingar sambandsins. Matsnefndin ætlar að skila síðar í dag minnispunktum fyrir hvert einstakt verkefni. Frestað að taka ákvörðun í málinu þar til nánari upplýsingar liggja fyrir.



6. Vinna starfshóps um stoðkerfi atvinnu og byggðapróunar.
Jón Jónsson, vék af fundi undir þessum lið vegna vanhæfis.
 - a. Lagðar fram þrjár fundargerðir starfshópsins 21. september, 30. september og 17. október s.l.. Einnig lögð fram drög að skýrslu starfshópsins sem byggir á vinnufundi starfshópsins sem haldinn var þann 10. október s.l.. Formaður fór yfir vinnu starfshópsins ásamt Ómari Má Jónssyni sem situr einnig í starfshópnum f.h. Atvest. Spurst fyrir um efnisatriði í vinnu starfshópsins og skipst á sjónarmiðum. Stjórnarmönnum falið að koma athugasemdum til starfshópsins.
Jón Jónsson kom aftur inn á fund.
 - b. Ákvörðun um aukaping
56. Fjórðungsþing Vestfirðinga samþykkti að boða til aukapings þann 29. október n.k. til að ræða niðurstöðu starfshópsins. Í ljósi stöðu vinnu starfshópsins, þarf að seinka þinginu til 25. nóvember n.k., þingið verður haldið á Ísafirði. Stjórn hvetur starfshópinn til að skila af sér fyrir lok mánaðarins.
7. Próffessorsstaða kennd við Jón Sigurðsson
Borist hefur svar forsætisráðuneytis við áskorun stjórnar Fjórðungssambands dags. 29. september, er mat ráðuneytisins að ekki sé hægt að túlka auglýsingu um próffessorsstöðu á þann hátt að efni hennar sé andstætt vilja stjórnvalda. Auk þessa hefur rektor Háskóla Íslands óskað eftir fundi með Fjórðungssambandi Vestfirðinga til að fara yfir málið. Fjallað verður að nýju um stöðu málsins í framhaldi af fundum með rektor Háskóla Íslands.
8. Fundur þingmanna NV kjördæmis 27. október 2011
Boðað hefur verið til fundar þingmanna norðvesturkjördæmis og sveitarfélaga á Vestfjörðum til fundar á Hólmavík þann 27. október n.k.. Samþykkt að dagskrá fundarins verði með sambærilegum hætti og á síðasta ári, með inngangserindi að hálfu stjórnar FV þar sem gefið er yfirlit um stöðu ákveðinna málaflokka og umræða tekin um hvern og einn þeirra. Samþykkt að formaður og framkvæmdastjóri geri tillög að dagskrá fundarins og sendi til stjórnar.
9. Landshlutasamtök sveitarfélaga
 - a. Haustfundur landshlutasamtaka sveitarfélaga 12. október 2011
Efnisatriði á fundinum voru, ný sveitarstjórnarlög, safnliðir á fjárlögum og staða heilbrigðismála á landsbyggðinni
 - b. Aðalfundur SSV, 30. september 2011
Framkvæmdastjóri kynnti efni fundarins.
 - c. Aðalfundur SSA, 30. september 2011
Formaður kynnti efni fundarins. Stjórn fagnar ályktun og stuðning aðalfundar SSA varðandi Vestfjarðarveg 60.
 - d. Erindi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, 9. september 2011
Kynnt efni bréfs LHSS varðandi fjárhagsstuðning við vinnu að gerð Sóknaráætlunar landshluta. Svar hefur ekki borist við erindinu.
10. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, 12. október 2011
Athygli vekur í ársskýrslu Jöfnunarsjóðs, hve framlög til sveitarfélaga á Vestfjörðum hafa dregist saman, kalla þarf eftir nánari skýringum og er framkvæmdastjóra falið að senda erindi til Jöfnunarsjóðs.



11. Aðsend bréf og tölvupóstar

Dagssetning	Sendandi	Efni bréfs	Afgreiðsla
02.08.2011	Menningarráð Vestfjarða	Boðun á aðalfund Menningaráðs Vestfjarða	Kynning
12.08.2011	Hreppsnefnd Reykhólahrepps	Fundur 9.08.2011, mál 1108013 Umhverfissvottun Vestfjarðar, Earth Check.	Erindi FV samþykkt
16.08.2011	Kaldraneshreppur	Svar við afstöðu sveitastjórnar á vestfjörðum um skipulag almenningsamgangna og umhverfissvottun sveitarfélaga	Samþykkt að heimila FV að vinna að almenningsamgöngum og að umhverfissvottun.
12.08.2011	Reykhólahreppur	Afstaða Reykhólahrepps til skipulags Almenningsamgangna	Erindi FV samþykkt
24.08.2011	Súðavíkurhreppur	Aætlun um sameiginlega vinnu við umhverfissvottun Vestfjarðar	Erindi FV samþykkt
23.08.2011	Súðavíkurhreppur	Almenningsamgöngur á Vestfjörðum	Erindi FV
24.08.2011	Hólmavík	Kjörbréf frá sveitastjórn Strandabyggðar	Kynnt
21.08.2011	Súðavíkurhreppur	Kjörbréf frá Súðavíkurhreppi	Kynnt
23.08.2011	Kaldraneshreppur	Kjörbréf frá Kaldraneshreppi	Kynnt
23.08.2011	Tálknafjarðarhreppur	Kjörbréf frá Tálknafjarðarhreppi	Kynnt
25.08.2011	Árneshreppur	Umhverfissvottaðir Vestfirðir	Erindi FV samþykkt
24.08.2011	Árneshreppur	Kjörbréf frá Árneshreppi	Kynnt
30.08.2011.	Umhverfisstofnun	Ósk um umsögn um drög að starfsleyfitillögum fyrir Fjarðarlax ehf. Og Arnarlax ehf.	Kynnt á stjórnarfundum 8. september. Svarað 12. október
31.08.2011	Ísafjarðarbær	Fulltrúar Ísafjarðarbæjar á 56. Fjórðungsþing Vestfirðinga.	Kynnt
31.08.2011	Ísafjarðarbær	Kjörbréf frá Ísafjarðarbær	Kynnt
15.09.2011	Mennta- og Menningarmálaráðuneytið	Vegna mögulegra sameiningu FV. Atvest. Markaðsstofu Vestfjarða, Menningarráðs Vestfjarðar og Vaxvest.	Svar við erindi FV, frá 13. september um tengilið við ráðuneytið
16.09.2011	Afrit bréfs. Kristinn Þór Egilsson til samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðar	Vegna málefna Minjasafns Egils Ólafssonar á Hnjóti Örlygshöfn	Kynnt
16.09.2011	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða	Fundargerð heilbrigðisnefndar 16. September 2011	Kynnt
19.09.2011	Innanríkisráðuneytið	Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2011	Kynnt
22.09.2011	EYÞING	Boðun aðalfundar Eypings 2011, 7. og 8. október	Kynnt
26.09.2011	Umhverfissráðuneytið	Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2012-2023	Boð um samstarf að verkefni.
26.09.2011	Skipulagsstofnun	Styrkur úr rannsókn- og þróunarsjóði Skipulagsstofnunar	Jákvætt svar við umsókn FV og samstarfsaðila.
29.09.2011	Samband Íslenskra Sveitarfélaga	Hvatning vegna kvennafrídagsins 25. Október nk	Kynnt
28.09.2011	Mennta- og Menningarmálaráðuneytið	Rannsókn á högum Ungs fólks frá árinu 1992	Kynnt
03.10.2011	Innanríkisráðuneytið	Ályktun frá 56. Fjórðungsþingi Vestfirðinga	Staðfest móttaka erindis FV.
04.10.2011	Tálknafjarðarhreppur	Almenningsamgöngur á Vestfjörðum	Samþykkt að heimila FV að vinna að málinu
04.10.2011	Tálknafjarðarhreppur	Umhverfissvottaðir Vestfirðir, afgreiðsla Tálknafjarðarhrepps	Samþykkt að vinna að verkefni.
10.10.2011	Vegagerðin	Almenningsamgöngur og sérleyfi.	Svar við bréfi FV 29. sept 2011. Lýst áframhaldandi vilja til samstarfs um verkefnið

Stjórn fagnar samþykkt styrks úr Þróunar- og rannsóknarsjóði Skipulagsstofnunar, alls 1,5 mkr og þá viðurkenningu sem í þessu felst gagnvart samstarfsverkefni sambandsins, Teiknistofunnar Eik og Háskóla-seturs Vestfjarða um gerð nýtingaráætlunar fyrir strandsvæði Arnarfjarðar.



12. Útsend bréf og tölvupóstur

13.07.2011	Strandabyggð, Kaldrananeshreppur, Árneshreppur, Reykhólahreppur, Tálknafjarðahreppur, Vesturbyggð, Súðavíkurreppur, Bolungarvík, Ísafjarðarbær	Boðun 56. Fjórðungsþing Vestfirðar, haldið í Bolungarvík þann 2 og 3. September
13.07.2011	Alþingi	Boðun Alþingismanna á 56. Fjórðungsþings Vestfirðinga
13.07.2011	Innanríkisráðgjafi	Boðun 56. Fjórðungsþing Vestfirðar, haldið í Bolungarvík þann 2 og 3. September
13.07.2011	Sveitastjórnir á Vestfirðum	Boðun 56. Fjórðungsþing Vestfirðar, haldið í Bolungarvík þann 2 og 3. September
08.09.2011	Innanríkisráðuneytið,	Efni og ályktun 56. Fjórðungsþings Vestfirðinga
12.09.2011	Stjórn Fjórðungssamband Vestfirðinga Atvinnuþróunarfélag Vestfirðar Menningaráðs Vestfirðar Markaðsstofa Vestfirðar Vaxtarsamnings Vestfirðar	Framkvæmd tillögu 56. Fjórðungsþings Vestfirðar varðandi stöðkerfi atvinnu- og byggðaðróunar.
13.09.2011	Bygðastofnun	Beiðni um tengilið vegna endurskoðunar stöðkerfis atvinnu og byggðaðróunar
13.09.2011	Ferðamálasamtök Íslands	Beiðni um tengilið vegna endurskoðunar stöðkerfis atvinnu og byggðaðróunar
13.09.2011	Mennta- og menningarmálaráðuneytið	Samningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins vegna Menningarráðs Vestfirðar
13.09.2011	Iðnaðarráðuneytið	Samningar iðnaðarráðuneytis vegna Markaðsstofu Vestfirðar og Vaxtarsamnings Vestfirðar. Beiðni um tengilið
13.09.2011	Ferðamálastofa	Samningur vegna Markaðsstofu Vestfirðar, beiðni um tengilið
14.09.2011	Iðnaðarráðuneytið Katrín Júlíusdóttir	Ályktanir 56. Fjórðungsþing Vestfirðinga
14.09.2011	Heilbrigðiseftirlit Vestfirðar	Endurkjör fulltrúa sveitarfélaga í Heilbrigðisnefnd Vestfirðar
14.09.2011	Umhverfissráðuneyti Svandís Svavarsdóttir	Ályktanir 56. Fjórðungsþing Vestfirðinga
14.09.2011	Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneyti Jón Bjarnason	Ályktanir 56. Fjórðungsþing Vestfirðinga
14.09.2011	Forsætisráðuneytið Jóhanna Sigurðardóttir	Ályktanir 56. Fjórðungsþing Vestfirðinga.
29.08.2011	Árneshreppur	Skipulag almenningsamgangna á Vestfirðum.
27.09.2011	Innanríkisráðgjafi Ögmundur Jónasson	Ályktun stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga samþykkt þann 27. Sept. 2011. Vestfirðarvegur 60.
21.09.2011	Ásbjörn Óttarsson, 1. þingmaður NV kjördæmis	Ósk samgöngunefndar FV um fund með Þingmönnum NV Norðvesturkjördæmis
29.09.2011	Vegagerðin	Almenningsamgöngur og sérleyfi.
29.09.2011	Forsætisráðuneytið. Jóhanna Sigurðardóttir	Áskorun til forsætisráðgjafa vegna auglýsingar prófessorstöðu við Háskóla Íslands

Dagsetning stjórnarfundar. Samþykkt að boða til næsta fundar þann 2. nóvember n.k.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15.40.